

Birgir Haraldsson,  
Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings Ytra  
Suðurlandsvegi 1  
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. janúar 2013  
Tilvísun: UST20121200019/ksj

### Tillaga að deiliskipulagi – Holtsmúli I, Landssveit

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings Ytra er barst 19. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi lögbýlis að Holtsmúla I, Rangárþingi Ytra.

### Skipulagssvæðið og væntanlegar framkvæmdir

Skipulagssvæðið er deiliskipulagstillagan nær til er um 40 ha og er í Holtsmúla I í Landssveit. Fyrirhugað er að reisa reiðhöll, hesthús, þjónustuhús fyrir hestabúgarð og tvö frístundahús á svæðinu. Nú eru þar eftirfarandi byggingar: íbúðarhús, frístundahús og útihús sem hýsa litla reiðhöll, hesthús og þjónustuhús.

Væntanlegt framkvæmdasvæði sem er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi Rangárþings Ytra, er á holti sem hallar til suðurs, gras og mólendi er ríkjandi gróðurþekja. Á svæðinu er deiliskipulagstillagan nær til eru ekki svæði á náttúruminjasrá og ekki svæði er falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

### Fráveita

Fram kemur í skipulagslýsingu að gert er ráð fyrir að öll mannvirki verði tengd sérstakri rotþró og að sett verði upp tveggja þrepa hreinsun í samræmi við kröfur um rotþrær og siturlagnir. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hefur gefið út leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir sem eru í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreint deiliskipulag

Virðingarfyllt

Ólafur A Jónsson  
Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun